

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um kosningu Æskulýðsráðs ríkisins nr. 11/1989.

1. gr.

2. málslíður 2. mgr. 1. gr. fellur brott.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 11. gr. laga nr. 24/1970 um æskulýðsmál og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 30. desember 2002.

Tómas Ingi Olrich.

Guðmundur Árnason.

18. desember 2002

Nr. 944

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.

1. gr.

Fyrir táknmálsnámskeið fyrir einstakling ásamt námsefni skal innheimta kr. 10.000 og er þá miðað við 20 stunda námskeið. Fyrir táknmálsnámskeið fyrir hópa skal innheimta kr. 65.000 og er þá miðað við 20 stunda námskeið. Fyrir námskeið af annarri lengd skal greiða hlutfallslega miðað við stundafjölda. Förráðamenn heyrnarlausra barna skulu þó ekki greiða námskeiðsgjöld.

2. gr.

Fyrir ráðgjöf og túlkun skal innheimta kr. 4.300 á klst.

3. gr.

Stjórn Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra ákveði verð myndabanda og námsefnis hverju sinni.

4. gr.

Fjárhæðir skv. 1. og 2. gr. eru bundnar við launavísitölu októbermánaðar 2002 sem Hagstofa Íslands reiknar út og skulu uppfærðar 1. desember ár hvert.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 129/1990 um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra öðlast þegar gildi. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 303/1998 fyrir Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.

Menntamálaráðuneytinu, 18. desember 2002.

Tómas Ingi Olrich.

Guðmundur Árnason.